

Ár 2003, fimmtudaginn 10. apríl kl. 16:30 kom Áfrýjunardómstóll ÍSÍ saman í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal.

Dómendur mættir:

Gestur Jónsson dómsforseti í þessu einstaka máli,
Björgvin Þorsteinsson og Jón Gunnar Zoega.

Fyrir var tekið málið nr. 1/2003:

Skotsamband Íslands (STÍ)
gegn
Skotíþróttafélagi Hafnarfjarðar

Að fengnum upplýsingum frá forsvarsmönnum aðila var í málinu var kveðinn upp svohljóðandi dómur:

Samkvæmt grein 33.3 í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands er frestur til þess að áfrýja máli til Áfrýjunardómstólsins ein vika frá því að aðila máls varð fyrst kunnugt um niðurstöðu málsins, en þó eigi síðar en 4 vikum eftir að dómur undirréttar var upp kveðinn.

Áfrýjandi, Skotsamband Íslands, hefur staðfest að dómurinn hafi borist sambandinu frá skrifstofu ÍSÍ með tölvupósti þann 31. október 2002 og hafi tölvupósturinn verið opnaður skömmu síðar, þ.e. innan tveggja til þriggja daga, af forsvarsmanni félagsins. Þá staðfestir forsvarsmaður áfrýjanda að hann hafi afhent áfrýjun á skrifstofu ÍSÍ þann 29. nóvember 2002. Voru þá liðnir 29 dagar frá því dómurinn var kveðinn upp og a.m.k. 26 dagar frá því að áfrýjanda varð kunnugt um niðurstöðu málsins fyrir undirrétti.

Áfrýjunarfrestir voru því liðnir þegar áfrýjun átti sér stað og er þá sama hvort litið er til fjögurra vikna frestsins frá því dómur var upp kveðinn eða viku frestsins frá því aðila varð kunnugt um niðurstöðuna. Þykir það ekki breyta þessari niðurstöðu að ekki var réttilega staðið að birtingu dómsins, sbr. grein 27.9. í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands þar sem dómþola voru ekki veittar leiðbeiningar um hvernig staðið skyldi að áfrýjun dómsins. Að mati Áfrýjunardómstólsins er þar um aðfinnsluverða vanrækslu að ræða.

Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá Áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

D Ó M S O R Ð:

Máli þessu er vísað frá Áfrýjunardómstóli ÍSÍ.

Reykjavík, 10. apríl 2003,

Gestur Jónsson (sign)
Björgvin Þorsteinsson (sign)
Jón Gunnar Zoega (sign)